



ÚTBOÐSSKILMÁLAR ÓVERÐTRYGGÐRA RÍKISBRÉFA

Útboð 19. september 2007

1. Fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, hefur ákveðið að bjóða út ríkisverðbréf í samræmi við heimildarákvæði fjárlaga fyrir árið 2007 og með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins. Markmið útgáfunnar er að afla ríkissjóði fjár og bæta vaxtamyndum á innlendum skuldabréfamarkaði. *Útboðsdagur er miðvikudagurinn 19. september 2007. Greiðsludagur er föstudagurinn 21. september 2007.*

2. Í boði verður eftirfarandi flokkur ríkisbréfa:

Flokkur	ISIN	Lokagjalddagi
RIKB 09 0612	IS0000014900	12.06.2009

Hámarksfjárhæð er áætluð um 4.300 milljónir að nafnvirði.

3. Ríkisbréfin verða gefin út rafrænt hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. og er nafnverðseining ein króna, þ.e. nafnverð og fjöldi eininga eru það sama. Ríkisbréf eru án verðtryggingar.

4. Einungis aðalmiðlurum ríkisverðbréfa er heimilt að gera tilboð. Lágmarksfjárhæð hvers tilboðs er ein milljón króna að nafnvirði. Boð skulu vera þannig að nafnverðið hlupi á heilum milljónum króna.

5. Eftir að niðurstöður útboðs ríkisbréfa liggja fyrir mun Lánasýsla ríkisins bjóða jafnvirði 10%, reiknað af nafnverði þess sem selt var í útboðinu, til aðalmiðlara á meðalávöxtunarkröfu samþykktu tilboða allt til kl. 14:00 á uppgjörssdegi útboðsins. Hver aðalmiðlari sem á samþykkt tilboð í undangengnu útboði öðlast kauprétt í hlutfalli af keyptu magni. Greiðslu- og uppgjörssdagur fyrir þessi viðskipti er einum degi eftir viðskiptadag þ.e. T+1.

6. Tilboð má einungis senda til Lánasýslu ríkisins í gegnum Bloomberg-útboðskerfið milli kl. 13.00 og 14.00 á útboðsdegi (miðað er við staðartíma á Íslandi). Tilboð skulu sett fram í verðum, með þremur aukastöfum og sá síðasti má einungis vera 0 eða 5.

7. Ef tilboð berst ekki til Lánasýslu ríkisins vegna kerfisgalla eða einhverra annarra ástæðna þá firrir

Lánasýslan sig allri ábyrgð. Aðilum er heimilt að fá staðfest móttöku tilboða með símtali við forstjóra Lánasýslu ríkisins eða fulltrúa hans í síma 540 7500. Tilboð sem berast til Lánasýslu ríkisins merkt ákveðnum skjáum í Bloomberg-útboðskerfinu eru bindandi og á ábyrgð þess aðila sem skráður er fyrir skjánum. Heimilt er að breyta eða afturkalla tilboð, enda sé það gert í gegnum Bloomberg-útboðskerfið og berist Lánasýslu ríkisins fyrir kl. 14.00 á útboðsdegi. Ef vandamál verður vegna notkunar á Bloomberg-útboðskerfinu gilda skilmálar þeir sem falla undir „Form of Auction Process & BAS Back Up Memorandum“ sem sent hefur verið til allra aðalmiðlara sem heimild hafa til þess að gera tilboð.

8. Ríkissjóður áskilur sér rétt til þess að hafna tilboðum í heild eða taka tilboðum að hluta.

9. Niðurstöður útboðsins verða tilkynntar til OMX á Íslandi og sendar aðalmiðlurum með tölvupósti.

10. Greiðsla fyrir ríkisbréf skv. tilboðum sem tekin verða í útboðinu, þarf að berast Lánasýslu ríkisins fyrir kl. 14.00 á greiðsludegi, og verða bréfin skráð rafrænt sama dag. Berist greiðsla ekki á réttum tíma áskilur ríkissjóður sér rétt til að krefja tilboðsgjafa um hæstu lögleyfðu dráttarvexti fyrir þann tíma sem greiðsla dregst.

11. Ríkissjóður greiðir skv. framangreindum ríkisbréfum á gjalddaga. Rísi mál út af ríkisbréfum þessum eða ágreiningi um túlkun skilmála má reka þau fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, skv. ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991. Um fyrningu krafna skv. ríkisbréfum gilda ákvæði laga um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda nr. 14/1905.

12. Ríkisbréf eru stimpilfrjáls skv. lögum nr. 79/1983. Um skattskyldu eða skattfrelsi ríkisbréfa, svo og vexti af þeim, fer eftir ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt eins og þau eru á hverjum tíma. Ríkisbréf eru framtalsskyld.

13. Ríkisbréfaflokkur þessi er skráður í OMX Norrænu kauphöll Íslands og eru Glitnir, Icebank, Kaupþing, Landsbanki Íslands, MP Fjárfestingarbanki, Saga Capital Fjárfestingarbanki, og Straumur-Burðarás Fjárfestingarbanki viðskiptavakar hans.